

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Miðhús, lnr. 202374.*

Breytingin felur í sér stofnun tveggja 8.505 m<sup>2</sup> lóða utan um núverandi byggingarreiti ásamt því að heimilt verði að reisa allt að 40 m<sup>2</sup> gestahús á þeim lóðum. Afmarkaður verður byggingarreitur á upprunalandi (lnr. 202374) þar sem heimilt verður að byggja allt að 120 m<sup>2</sup> verkfærageymslu.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. desember 2016.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 6. desember 2016.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2016